

2021

Greining á stjórnskipulagi Varmárskóla og tillögur

Haraldur L. Haraldsson

hagfræðingur

hlh@hlh.is

HLH RÁÐGJÖF

Janúar 2021

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Greining.....	4
Skólastjórar	6
Deildarstjórar	8
Rekstur	10
Annað fyrirkomulag að stjórnskipulagi	11
Kostir og gallar	14
1. Tveir skólar	15
2. Yfirstjórn.....	15
3. Starfslýsingar fyrir deildarstjóra	15
4. Skólaritari - Þjónustufulltrúi	15
5. Umsjónarmaður fasteigna.....	15
6. Kerfisstjóri	16
7. Mötuneyti.....	16
8. Skólalóð	16

Inngangur

Að ósk bæjarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs tók HLH ehf. að sér að framkvæma úttekt og mat á núverandi stjórnskipulagi Varmárskóla. Meginmarkmið úttektar er að greina stjórnskipulag og stjórnun Varmárskóla og setja fram á þeim grunni ólíkar sviðsmyndir um framtíðarfyrirkomulag starfseminnar.

Við vinnslu verkefnisins var rætt við báða skólastjóra Varmárskóla, alla deildarstjóra við skólann, sem eru sex, formann stjórnar foreldrafélagsins og verkefnastjóra grunnskólamála hjá Mosfellsbæ. Auk þess var rætt við bæjarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs.

Stuðst var við tölulegar upplýsingar frá skólastjórum og af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkuð hreinskiptin og opin svör hvað varðar framgang verkefnisins. Þeir sem tóku þátt í að veita upplýsingar bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í samantektinni. Allt sem þar kemur fram er á ábyrgð höfundar.

Greining

Varmárskóli er rekinn í tveimur aðalbyggingum á sömu skólalóðinni. Skólanum er skipt í tvær deildir, yngri og eldri deild. Í yngri deild eru nemendur fyrsta til sjötta bekkjar en í eldri deild eru nemendur sjöunda til 10. bekkjar. Kennsla hvorrar deildar fer fram í sitt hvorri byggingunni með viðbótarhúsnæði fyrir hvora deildina.

Kennsla fyrir fjórða bekk fer fram í Brúarlandi, sem er í göngufjarlægð frá aðalbyggingunum. Skólaárið 2020 til 2021 eru 75 nemendur í fjórða bekk í fjórum bekkjardeildum. Auk þessa fer kennsla fram í þremur af fjórum lausum kennslustofum sem eru á skólalóðinni. Í samliggjandi húsum (H&M) fer fram kennsla í textíl og myndmennt fyrir eldri deild og við yngri deild eru tvö samliggjandi hús, fer tónmenntakennsla fyrir yngri deild fram í öðru en hjúkrunarfræðingur fyrir allan skólann er í hinu.

Tafla 1: Fjöldi nemenda í Varmárskóla

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Fjöldi nemenda	686	686	727	733	731	767	859	931	816	859

Heimild: Hagstofa Íslands og Varmárskóli vegna ársins 2020

Tafla 1 sýnir tölu nemenda í Varmárskóla frá árinu 2011 til 2020 að hausti. Frá árinu 2011 til 2018 fjölga nemendum á milli ára nema árið árið 2012, þegar fjöldinn var sá sami og árið á undan, og árið 2015, þegar nemendum fækkaði um tvo. Árið 2018 voru nemendur flestir á þessu tímabili eða 931. Þeim fækkaði nokkuð árið 2019, fóru í 816 nemendur en fjölgaði aftur árið 2020, þegar þeir voru 859. Þannig voru 72 færri nemendur við skólann haustið 2020 en þeir voru haustið 2018.

Haustið 2020 voru 455 nemendur við yngri deildina og 404 við eldri deildina, eða samtals 859 nemendur.

Deildirnar, yngri og eldri deild, eru nokkuð sjálfstæðar einingar. Þannig eru kennarar oftast nær ráðnir til kennslu á hvorri deild fyrir sig. Samgangur kennara á milli deilda er ekki mikill, nema í matartímum, en nokkrir kennarar í yngri deild borða í mötuneytinu. Það sama á við um aðra starfsmenn, þ.e. að þeir eru ráðnir til starfa á hvorri deild með örfáum undantekningum sbr. hér síðar.

Tafla 2: Fjöldi stöðugilda Varmárskóla haustið 2020

	Yngri deild	Eldri deild	Sameiginlegt	Samtals
Kennarar	41,26	36,72		78,0
Stjórnendur	4,0	4,0		8,0
Stuðningsfulltrúar	13,59	10,91		24,5
Bókasafn	0,85	0,75		1,6
Skólaliðar ræsting	4,3	3,6		7,9
Annað fagfólk	2,3	1,5		3,8
Skrifstofa	0,85	0,85		1,7
Húsvörður			1,0	1,0
Skrifstofufulltrúi			0,7	0,7
Samtals	67,2	58,3	1,7	127,2

Heimild: Varmárskóli

Tafla 2 sýnir fjölda stöðugilda við Varmárskóla haustið 2020.

Eins og fram kemur á töflunni voru 67,2 stöðugildi við yngri deildina og 58,3 stöðugildi við eldri deildina. Sameiginlega við báðar deildirnar var 1,7 stöðugildi, eða samtals 127,2 stöðugildi við skólann. Skrifstofufulltrúi starfa að hluta fyrir báðar deildirnar en er staðsettur á eldri deild. Auk þessa voru 3,8 stöðugildi við mötuneyti skólans.

Við skólann eru tveir skólastjórar sem fara sameiginlega með stjórn hans. Verkaskipting þeirra er þannig að annar sér um yngri deildina en hinn eldri deildina í daglegri stjórnun. Skólastjórnarnir hafa aðsetur í sitt hvorri aðalbyggingunni.

Auk skólastjóra eru sex deildarstjórar starfandi við skólann, þrjár á hvorri deild, þ.e. yngri og eldri deild. Þar af eru tveir deildarstjórar stoðþjónusta, einn við sitt hvora deildina. Stjórnendur við skólann eru því samtals í 8,0 stöðugildum. Deildarstjórar eru ekki með kennsluskyldu.

Tafla 3: Fjöldi nemenda og bekkja í hverjum árgangi skólaárið 2020 til 2021

	Fj. nemenda	Fj. bekkja	Fj. að meðaltali í bekk	Fækkað um eina bekkjardeild	
				Fj. bekkjardeilda	Fj. að meðaltali í bekk
1 bekkur	76	5	15,2	4	19,0
2 bekkur	54	3	18,0		
3 bekkur	60	3	20,0		
4 bekkur	73	4	18,3	3	24,3
5 bekkur	86	4	21,5		
6 bekkur	106	5	21,2		
7 bekkur	90	4	22,5		
8 bekkur	125	6	20,8	5	25,0
9 bekkur	96	5	19,2	4	24,0
10 bekkur	93	4	23,3		
Samtals nemendafjöldi	859	43	20,0		

Heimild: Varmárskóli

Tafla 3 sýnir fjölda nemenda og bekkja skipt eftir árgöngum.

Eins og taflan sýnir eru að meðaltali 20,0 nemendur í hverri bekkjardeild skólaárið 2020 til 2021.

Tveir síðustu dálkarnir í töflunni sýna áhrif þess á meðaltalsfjölda nemenda í hverri bekkjardeild ef fækkað hefði verið um eina bekkjardeild í fjórum árgöngum. Rétt er að leggja áherslu á að ýmsar ástæður eru fyrir því að ákveðið var að hafa fjölda bekkjardeilda eins og hann er. Þar geta verið ástæður eins og rými þess húsnæðis sem hver bekkur er í, samsetning nemendahópsins o.s.frv.

Skólastjórar

Við Varmárskóla eru tveir skólastjórar sbr. hér að framan og bera þeir sameiginlega stjórnunarlega ábyrgð á skólanum. Megin verkaskipting á milli þeirra er að annar stýrir dagsdaglega yngri deild og hinn eldri deild. Skólastjóri við yngri deildina er í húsnæði yngri deildar og sá við eldri deild er í húsnæði eldri deildar.

Fylgt er þeirri megin stefnu í störfum skólastjóranna varðandi samskipti út á við, að skólastjórnir vinna þau sameiginlega. Í því sambandi má nefna að ef sendur er tölvupóstur til dreifingar varðandi skólann gera skólastjórnir það sameiginlega. Jafnframt ef sendur er tölvupóstur til dreifingar á starfsmenn skólans, að þá eru þeir sendir á alla starfsmenn, þ.e. bæði yngri og eldri deildar.

Skólastjórnir sitja báðir fundi nemendaráðs skólans.

Skólastjórnir hafa samráð sín á milli um samskipti út á við, má þar nefna sem dæmi við foreldra og foreldrafélagið. Í því sambandi má nefna að samráð þarf að hafa varðandi kynningarfundi fyrir foreldra, samræma hvenær og hvernig þeir fundir eru tilkynntir, hafa samráð varðandi svörun á tölvupóstum til foreldrafélagsins o.s.frv. Fram kom í samtali við skólastjóra, að samráð um ýmis mál bæði stór og smá geti orðið nokkuð flókið og vinna tengd því. Samráð skólastjóra getur leitt til þess að seinkun verður á að svara erindum sem jafnvel hefði verið hægt að gera strax, en vegna samráðs hafi dregist að svara.

Raungrainastofur eru fyrir hvora deild. Raungrainastofur eru í báðum aðalbyggingunum og að auki fer þessi kennsla fram í þremur lausum stofum.

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsinu við Varmá nema sund í fyrsta og öðrum bekk fer fram í innilauginni við Lágafellsskóla.

Skólastjórnir fara báðir yfir launalista fyrir starfsmenn skólans og samþykkja áður en laun eru greidd út. Launalistinn er sameiginlegur fyrir báðar deildir þannig að þegar skólastjóri fer yfir listann getur hann ekki einungis samþykkt fyrir sína deild. Sá háttur hefur verið hafður á, að sá skólastjóri sem er fyrr til að fara yfir launalistann lætur hinn vita að það sé búið að fara yfir og þá samþykkir hinn að yfirferð lokinni. Báðir skólastjórnir samþykkja

reikninga fyrir skólann. Skólastjórnir samþykkja ýmist fyrir báðar deildirnar eða aðra. Öll stærri innkaup eru samþykkt af báðum skólastjórum.

Matreiðslumeistari samþykki reikninga vegna mötuneytisins.

Varðandi ráðningu á starfsfólki við skólann er haft samráð, ýmist ráða skólastjórar sameiginlega eða fyrir sína deild. Alltaf er haft í huga hvar viðkomandi kennari henti betur innan skólans. Bókhald og fjárhagsáætlun er sameiginleg fyrir báðar deildirnar. Þegar keypt er inn er ekki beint haft samráð um hvað sé keypt fyrir hvora deild, heldur þess gætt að vera innan fjárhagsáætlunar. Þannig er mögulegt að hallað geti á aðra hvora deildina varðandi innkaup.

Eitt stöðugildi umsjónarmanns fasteigna er við skólann. Viðkomandi starfsmaður heyrir undir báða skólastjórana.

Skólaritarar eru tveir í 0,85 stöðugildi hvor. Þeir eru á sitt hvorri deildinni. Auk þess er skrifstofuritari með aðsetur á skrifstofu eldri deildar en er starfsmaður fyrir bæði yngri og eldri deild. Skrifstofuritari er í 0,7 stöðugildi. Skrifstofuritari nýtist minna fyrir yngri deildina, en hann á að sjá um sameiginleg mál eins og skýrslur fyrir skólann.

Mötuneyti skólans er í húsnæði eldri deildar. Skólastjóri eldri deildar er í meiri samskiptum við matráð mötuneytisins.

Allir nemendur eldri deildar matast í matsal eldri deildar. Einnig nemendur þriðja, fimmta og sjötta bekkjar í yngri deild. Nemendur fyrsta og annars bekkjar matast í sal í yngri deildinni og nemendur fjórða bekkjar í Brúarlandi.

Í fyrsta og öðrum bekk eru kennarar með nemendum þegar þeir matast. Sami háttur er hafður á í Brúarlandi vegna aðstöðunnar þar. Kennarar eru í gæslu þegar nemendur yngri deildar fara í eldri deild að borða. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar sjá um gæslu í mötuneyti þegar nemendur eldri deildar matast. Þá aðstoða nemendur í 10. bekk alltaf í mötuneytinu og fá greidda ákveðna upphæð í ferðasjóð fyrir þá vinnu.

Kennarafundir eru haldnir á hvorri deildinni, þ.e. yngri og eldri deild. Gert er ráð fyrir að haldinn sé einn sameiginlegur fundur í mánuði þar sem kennarar yngri og eldri deildar funda saman.

Fram kom að stjórnendur skólans eiga í góðum samskiptum við skólaskrifstofu og hún styddi vel við skólastarfið.

Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs fundar reglulega með öllum skólastjórum grunnskólanna í Mosfellsbæ. Fundirnir eru haldnir hálfsmánaðarlega.

Deildarstjórar

Við Varmárskóla eru sex deildarstjórar, þar af tveir deildarstjórar stoðþjónustu, þ.e. þrír deildarstjórar við hvora deild.

Tveir deildarstjórar á hvorri deildinni taka þátt í daglegri stjórnun hvorrar deildar með skólastjórum. Deildarstjórnir sinna ákveðnum stjórnunarþáttum í umboði skólastjóra. M.a. eiga þeir samtöl við starfsmenn, þ.m.t. við kennara, ásamt því að sinna öðrum verkefnum sem skólastjórar fela þeim á hverjum tíma. Deildarstjórnir á hvorri deild vinna nokkuð náið saman. Þeir eiga í samskiptum á milli deilda en þó hefur dregið úr því þar sem verkefni deildanna eru mismunandi vegna aldursmunar nemenda á hvorri deild.

Deildarstjórnir vinna náið með deildarstjórum stoðdeilda og eiga mikil samskipti við starfsfólk skólans og foreldra/forráðamenn nemenda.

Fram kom í viðtölum að nokkur tími deildarstjóra fari í að slökkva elda, eins og t.d. í agamálum, og þar af leiðandi gæfist oft á tíðum minni tíma í faglega vinnu.

Deildarstjórar yngri deildar hafa skipt með sér verkefnum þannig að annar þeirra hefur annast mál er varða nemendur í fyrsta til þriðja bekk, auk ýmissa annar verka, og þá hinn deildarstjórninn frekar mál er varða fjórða til og með sjötta bekk. Lögð er áhersla á að verkaskipting sé skýr þannig að starfsmenn skólans viti hvert eiga að leita með einstök mál.

Deildarstjórar stoðþjónustu í Varmárskóla sjá um málefni sem varða nemendur sem þurfa aukinn stuðning eða úrlausn mála vegna alvarlegra námsörðugleika, geðraskana, þroskaraskana, fatlana eða taugaproskaraskana á borð við einhverfu, ADHD o.fl. Einnig halda deildarstjórnir utan um málefni sem snerta nýbúa, flóttabörn og börn sem koma úr barnaverndarkerfinu sem og fósturbörn hafi þau sérþarfir.

Þeir starfa náið með öðrum stjórnendum skólans, sérkennurum, fagstjórum, skólasálfræðingi, kennsluráðgjafa skólaþjónustu, BUGL, talmeinafræðingi, barnaverndarnefnd, umsjónarkennurum og öðrum kennurum, stuðningsfulltrúum, námsráðgjöfum skólans og foreldrum og sitja skilafundi vegna sálfræðigreininga. Þeir hafa yfirumsjón með lesblindugreiningum og lesblinduskimunum (LOGOS) og greiningum með Talnalykli (stærðfræðigreiningum).

Greiðlega gengur að koma nemendum í greiningu og ráðgjöf hjá skólasálfræðingi og talmeinafræðingi. Einnig er þjónusta kennsluráðgjafa á vegum skólaskrifstofu til fyrirmyndar að sögn deildarstjóra.

Í yngri deild er starfandi iðjuþjálfari og þroskaþjálfari. Starfskrafta þeirra hefur hingað til ekki notið í eldri deildinni en verið er að leita leiða til þess að nýta þá einnig fyrir eldri deild enda eru þar nemendur sem þurfa slíka þjónustu. Enn er ekki komin lausn á það með hvaða hætti hægt er að nýta þessa starfskrafta á báðum stöðum en það mál er í vinnslu.

Saman og hvor í sínu lagi

Verkefni deildarstjóranna skarast lítið sem þýðir að mál milli deilda blandast ekki. Samstarf er haft um mál þegar skila þarf skýrslum eða skjölum til skólaskrifstofu varðandi börn með sérþarfir. Þau skjöl eru unnin í hvorri deild fyrir sig en síðan sameinuð og send sem eitt skjal.

Samstarfs gætir þegar sjötti bekkur færir yfir í sjöunda bekk. Þá hittast stoðþjónustur deildanna og yngri deildin veitir hinni eldri upplýsingar um þá nemendur sem eru með sérþarfir.

Vikulegir fundir deildarstjóra stoðþjónustu

Deildarstjórar hafa tekið frá tíma til að funda vikulega og fara þeir fundir mest í að bera saman bækur, fá ráð og að hafa samráð vegna erfiðra mála sem upp koma. Þegar deildarstjórnir tóku við þessum verkefnum í haust (2020) var þeim uppálagt að vinna saman og byggja brú á milli deilda. Þegar þeir bera saman bækur sínar kemur í ljós hvað verkefni þeirra eru í eðli sínu ólík og stundum finnst þeim þeir vera að bera saman epli og appelsínur en hafa þó notið stuðnings hvor frá öðrum.

Nemendaverndarráð

Deildarstjórar stoðþjónustu sjá um að boða á nemendaverndarráðsfundi. Fram til þessa hausts hafa nemendaverndarráðsfundirnir verið alfarið sameiginlegir þannig að fundað hefur verið um nemendur beggja deilda í senn. Það þótti hins vegar of mikið þar sem málin eru oft mörg og því var ákveðið að hafa fundina aðgreinda. Nú er þetta með þeim hætti að nemendaverndarráð hittist einu sinni í mánuði þar sem báðar deildir eru í einu en annars er fundað í sitt hvoru lagi.

Teymisfundir

Deildarstjórnir stoðþjónustu boða teymisfundi vegna barna í stoðþjónustu. Teymisfundir eru algjörlega deildarskiptir enda er um málefni einstaka nemenda að ræða. Deildarstjórar stoðþjónustu eldri og yngri deildar sitja ekki saman á slíkum fundum.

Rekstur

Hér verður fjallað stuttlega um rekstur Varmárskóla.

Tafla 4: Fjöldi nemenda og rekstrargjöld og -tekjur hjá samanburðarskólum árið 2019

Sveitarfélag	Kópavogsbær Hörðuvalla- skóli	Mosf. Varmár- skóli	Hafnarf. Víðistaða- skóli	Hafnarf. Hraun- vallaskóli	S. Árborg Sunnu- lækjarskóli	Reykjavík Langholts- skóli	Reykjavík Selja- skóli	Mosf. Lágafells- skóli	Reykjavík Árbæjar- skóli	Akranesk. G. Akranes	S. Árborg Valla- skóli
Fjöldi nemenda	926	816	717	714	709	679	667	664	655	639	635
Laun og launatengd gjöld	1.178.043	1.065.551	833.533	929.977	975.522	837.083	759.315	697.077	757.179	761.642	774.014
Annar rekstrarkostnaður	185.307	206.631	148.935	145.975	220.612	96.841	96.625	156.577	101.897	122.612	163.060
Rekstrarkostnaður samtals	1.363.350	1.272.181	982.469	1.075.952	1.196.134	933.924	855.940	853.654	859.076	884.254	937.074
Tekjur	-117.108	-87.984	-37.730	-39.552	-62.748	-64.716	-61.549	-70.155	-63.413	-64.655	-42.235
Nettó rekstrarkostnaður	1.246.242	1.184.197	944.739	1.036.399	1.133.386	869.208	794.391	783.499	795.663	819.599	894.839
Útgjöld á hvern nemanda:											
Laun og launatengd gjöld	1.272	1.306	1.163	1.302	1.376	1.233	1.138	1.050	1.156	1.192	1.219
Annar rekstrarkostnaður	200	253	208	204	311	143	145	236	156	192	257
Rekstrarkostnaður samtals	1.472	1.559	1.370	1.507	1.687	1.375	1.283	1.286	1.312	1.384	1.476
Nettó rekstrarkostnaður	1.346	1.451	1.318	1.452	1.599	1.280	1.191	1.180	1.215	1.283	1.409

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 4 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2019. Um er að ræða 11 grunnskóla sem voru með flesta nemendur árið 2019. Eins og fram kemur í töflunni var Varmárskóli næst fjölmennasti grunnskóli landsins árið 2019. Miðað við fjölda nemenda að hausti. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér ásamt skólaakstri sé um hann að ræða. Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem skólalald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru rekstrarútgjöld samtals á hvern nemanda næst hæst hjá Varmárskóla af þessum skólum. Einn skóli var með launagjöld hærri á hvern nemanda en Varmárskóli og tveir annan rekstrarkostnað.

Tafla 5: Fjöldi nemenda og rekstrargjöld og -tekjur hjá samanburðarskólum árið 2018

Sveitarfélag	Mosf. Varmár- skóli	Kópav. Hörðu- vallaskóli	Hafnarf. Hraun- vallaskóli	S. Árborg Sunnu- lækjarskóli	Hafnarf. Víðistaða- skóli	Mosf. Lágafells- skóli	Reykjavík Langholts- skóli	Kópav. Álfhóls- skóli	Reykjavík Selja- skóli	Akranes Gr. Akranes	Reykjavík Árbæjar- skóli
Fjöldi nemenda	928	922	798	711	702	687	682	658	642	638	626
Laun og launatengd gjöld	997.903	1.065.043	890.601	742.021	797.364	816.313	797.221	997.751	731.457	691.312	698.566
Annar rekstrarkostnaður	257.820	159.948	139.074	185.524	138.872	169.313	82.826	116.208	88.812	134.170	125.036
Rekstrarkostnaður samtals	1.255.723	1.224.991	1.029.675	927.545	936.236	985.626	880.047	1.113.959	820.269	825.482	823.602
Tekjur	-142.932	-99.698	-34.033	-49.783	-37.350	-68.498	-70.057	-69.713	-51.550	-67.373	-48.169
Nettó rekstrarkostnaður	1.199	1.220	1.248	1.235	1.280	1.335	1.188	1.587	1.197	1.188	1.239
Útgjöld á hvern nemanda:											
Laun og launatengd gjöld	1.075	1.155	1.116	1.044	1.136	1.188	1.169	1.516	1.139	1.084	1.116
Annar rekstrarkostnaður	278	173	174	261	198	246	121	177	138	210	200
Rekstrarkostnaður samtals	1.353	1.328	1.290	1.305	1.334	1.434	1.290	1.693	1.277	1.294	1.316
Nettó rekstrarkostnaður	1.199	1.220	1.248	1.235	1.280	1.335	1.188	1.587	1.197	1.188	1.239

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 5 sýnir það sama og tafla 4 en nú vegna ársins 2018.

Eins og taflan sýnir var Varmárskóli fjölmennasti skólinn árið 2018. Það veur athygli miðað við rekturinn árið 2019 að árið 2018 voru launagiöld á hvern nemanda næst lægst hjá Varmárskóla. Launagiöld á hvern nemanda voru 1.075 þúsund krónur hjá Varmárskóla árið 2018 samanborið við 1.306 þúsund krónur árið 2019, eða hækkun um 21,5%.

Tafla 6: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Varmárskóla

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Fjöldi nemenda	727	733	731	767	859	931	816
Fjöldi kennara	66,8	66,5	66,7	70,2	78,5	92,8	88,7
Fjöldi annarra starfsmanna	15,4	22,0	19,0	35,2	40,1	43,4	41,4
Stöðugildi samtals	82,2	88,5	85,7	105,4	118,6	136,2	130,1
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi:							
Kennara	10,9	11,0	11,0	10,9	10,9	10,0	9,2
Annarra starfsmanna	47,1	33,3	38,5	21,8	21,4	21,5	19,7
Stöðugildi samtals	8,8	8,3	8,5	7,3	7,2	6,8	6,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 6 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda við Varmárskóla frá árinu 2013 til 2019. Einnig kemur fram í töflunni fjölda nemenda á hvert stöðugildi. Fjöldi stöðugilda árið 2019 hefur verið leiðréttur samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra.

Eins og fram kemur í töflunni hefur nemendum á hvert stöðugildi farið fækkandi frá árinu 2013 þegar voru samtals 8,8 nemendur á hvert stöðugildi samanborið við 6,3 árið 2019.

Annað fyrirkomulag að stjórnskipulagi

Hér á eftir verða nefndir stuttlega nokkrir kostir sem gætu komið til greina með breyttu stjórnskipulagi:

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri

Einn skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Útfærsla á þessu fyrirkomulagi gæti verið þannig að skólastjóri væri með sína aðalskrifstofu í öðru húsnæðinu og aðstoðarskólastjórinn í hinu. Skólastjóri hefði síðan reglulega viðveru í því skólahúsnæði þar sem hans aðal skrifstofa væri ekki. Gera má ráð fyrir að þetta fyrirkomulag yrði ekki mikið frábrugðið frá því sem nú er nema þá að stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð væri hjá einum aðila, skólastjóra.

Hins vegar verður að ætla að stjórnskipulagið verði með svipuðum hætti og það er í dag, þ.e. aðstoðarskólastjóri myndi í reynd vera yfirmaður í þeirri byggingu sem skrifstofa hans er, en þá með lakari starfskjör. Því má spyrja gagnvart viðkomandi hvort það sé réttlætandi og einnig hver væri ávinningurinn af því? Ávinningurinn yrði væntanlega sá að einn aðili yrði í

forsvari fyrir skólann út á við í stað tveggja eins og nú er. Jafnframt að rekstrarleg og fjárhagsleg ábyrgð væri hjá einum aðila.

Skólastjóri og tveir aðstoðarskólastjórar

Annar kostur væri að það væri einn skólastjóri og tveir aðstoðarskólastjórar. Þannig fyrirkomulag var við skólann fram til ársins 2007, þegar skipaðir voru tveir skólastjórar við skólann.

Með þessu fyrirkomulagi gætu aðstoðarskólastjórar haft aðsetur í hvorri aðal byggingunni og stýrt daglegri starfsemi á hvorum stað. Skólastjóri hefði reglulega viðveru í viku hverri í hvorri byggingu. T.d. gæti hann verið tvo daga í viku hverri á hvorum stað og svo fimmta daginn eftir því sem þarf.

Reynsla er af slíku fyrirkomulagi, sbr. hér að framan. Skýrsluhöfundur hefur nýverið gert úttekt á grunnskóla þar sem þetta fyrir komulag er viðhaft. Um er að ræða einn skóla í tveimur aðalbyggingum með stutta vegalengd á milli skóla.

Skipulagi í þeim skóla svipar á margan hátt við það sem er í Varmárskóla. Fyrsti til sjötti bekkur eru í annarri byggingunni og sjöundi til áttundi í hinni. Samnýting á starfsmönnum á milli deilda er lítil sem engin. Hvort sem það er vegna þessa eða af öðrum ástæðum er sá skóli rekstrarlega mun dýrari í rekstri en Varmárskóli. Miðað við reynsluna og fyrirkomulagið sem þar hefur þróast er ekki að sjá að ávinningur yrði af slíku fyrirkomulagi frá því sem nú er í Varmárskóla. Jafnframt ber að hafa það í huga að reynsla er af þessu fyrirkomulagi hjá Varmárskóla.

Þó verður að hafa þann fyrirvara á að mögulegt væri að byggja það stjórnskipulag upp á annan hátt. Spurning er hvort hægt yrði að nýta starfsmenn betur á milli deilda o.s.frv. Það yrði verk að vinna að vinda ofan af því þar sem ákveðin þróun hefur átt sér stað frá því sem nú er. Einnig kom skýrt fram í samtölum, sem skýrsluhöfundur átti við starfsfólk vegna verkefnisins, að starfsemin sem fer fram á yngri og eldri deild er mjög ólík og því erfitt að sjá þannig að vel sé, að t.d. kennarar séu að fara í kennslu á milli deilda. Þetta sjónarmið kom einnig vel fram í viðtölum við stjórnendur í þeim skóla sem hér var tekið dæmi frá.

Reynslan hefur sýnt, þar sem skólastarf fer fram í tveimur byggingum og t.d. sameiginleg vistavera kennara á sitt hvorum staðnum, að þróunin verður sú að nokkur aðskilnaður verður í starfseminni á milli bygginga.

Tveir sjálfstæðir skólar

Rétt er að hafa í huga, þegar stjórnskipulag Varmárskóla er skoðað, að hér er um fjölmennan skóla að ræða. Skólaárið 2020 til 2021 eru 859 nemendur við skólann, sem skiptust þannig að 455 nemendur eru í fyrsta til sjötta bekk, yngri deild, og 404 nemendur í efri deild.

Haustið 2019 voru 14 skólar með fleiri nemendum en 600 af um 170 skólum á landinu öllu, eða um 8% af heildarfjöldanum. Það sem er rekstrarlega hagstætt við svo fjölmenna heilstæða skóla er að það tekst yfirleitt að raða þannig í bekkjastærðir verða almennt fjölmennar. Þannig að betri nýting fæst á hvert stöðugildi t.d. kennara. Í Varmárskóla eru 20,0 nemendur að meðaltali í hverjum bekk skólaárið 2020 til 2021.

Með hliðsjón af þessu er hægt að sýna fram á að launagjöld á hvern nemanda eru oft á tíðum lægri en hjá fámennari skólum.

Hins vegar hefur reynslan einnig sýnt að fjölmenn sveitarfélög með skóla, sem eru ekki heilstæðir en með færri nemendum, hafa komið vel út rekstrarlega eins og fjölmennari heilstæðir skólar.

Tafla 7: Rekstrargjöld á hvern nemanda hjá samanburðarskólum árið 2019

	Reykjavík Ríma-skóli	Kópav. Kársnes-skóli	Kópav. Sala-skóli	Kópav. Vatnsenda-skóli	Seltjarnarn. G. Seltjarnar.	Garðab. Garða-skóli	Garðab. Hofstaða-skóli	Hafnarfj. Áslands-skóli	Hafnarfj. Öldutúns-skóli	Grindav. G. í Grindavík	00 Akureyri Brekku-skóli	Vestm. G. Vestm.
Fjöldi nemenda	524	590	600	592	559	519	588	506	575	532	511	512
Launagjöld	1.196	1.202	1.336	1.127	1.408	1.163	1.039	1.191	1.163	1.209	1.126	1.434
Annar rekstrarkostnaður	153	163	177	221	331	182	165	643	207	159	166	180
Gjöld samtals	1.349	1.365	1.513	1.348	1.740	1.345	1.204	1.834	1.369	1.368	1.292	1.615

	Reykjavík Vætta-skóli	Kópav. Linda-skóli	Kópav. Smára-skóli	Kópav. Snælands-skóli	Garðab. Álftanes-skóli	Garðab. Flata-skóli	Hafnarfj. Hvaleyrar-skóli	Hafnarfj. Lækjar-skóli	Hafnarfj. Setbergs-skóli	Reykjan. Akur-skóli	Reykjan. Heiðar-skóli
Fjöldi nemenda	474	461	423	450	409	451	411	491	426	431	418
Launagjöld	1.340	1.224	1.290	1.316	1.242	1.176	1.421	1.377	1.367	1.227	1.183
Annar rekstrarkostnaður	194	205	181	209	169	171	246	281	307	188	216
Gjöld samtals	1.534	1.429	1.471	1.525	1.411	1.348	1.667	1.658	1.674	1.415	1.400

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 7 sýnir samanburð á rekstrargjöldum á hvern nemanda hjá nokkrum skólum. Í Garðabæ eru reknir þrjú grunnskólar sem eru ekki heilstæðir.

Flataskóli og Hofstaðaskóli eru grunnskólar í Garðabæ þar sem eru fyrsti til sjöundi bekkur. Í Garðaskóla eru áttundi til 10. bekkur. Eins og þarna kemur fram koma þessir skólar vel út í þessum samanburði þegar horft er til gjalda á hvern nemanda.

Það er mat höfundar að ef Varmárskóla yrði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla ætti að vera hægt að ná fram hagstæðum bekkjastærðum rekstrarlega í hvorum skóla fyrir sig því hvor skóli væri nokkuð fjölmennur miðað við að vera ekki heilstæður skóli, sbr. samanburðurinn í töflu sjö hér að framan.

Eins og skólinn er í dag fer kennslan fram í tveimur aðalbyggingum. Ætla verður með hliðsjón af því, að rekstrarkostnaður vegna húsnæðis ætti ekki að aukast við að gera þetta að tveimur sjálfstæðum skólum.

Kostir og gallar

Kostir núverandi skipulags:

- ✓ Samstarf og stuðningur á milli stjórnenda
- ✓ Þegar nemendur flytjast frá yngri deild yfir í þá eldri eru ákveðnir skilafundir sem gerir færsluna að öllu jöfnu auðveldari fyrir nemendur
- ✓ Nemendur yngri deildar þekkja til eldri deildar og auðveldara að færa sig á milli húsa
- ✓ Sameiginlegir skipulagsdagar og námskeið
- ✓ Hagkvæmur rekstur vegna stærðar skólans
- ✓ Sameiginlegt mötuneyti – stór eining og hagstæður rekstur
- ✓ Sameiginlegur umsjónarmaður fasteigna
- ✓ Sameiginlegur kerfisstjóri

Gallar:

- ✓ Tveir aðilar samábyrgir varðandi faglegt starf og fjármál
- ✓ Stjórnun skólans er þannig háttað að minna samráð eða samstarf er á milli húsa í daglegu starfi en ef skólinn væri í sömu byggingu
- ✓ Skortur á yfirsýn yfir fjármál og starfsemi skólans
- ✓ Tveir skólastjórar sitja fundi skólaráðs
- ✓ Flókið og dregur úr skilvirkni
- ✓ Tveir aðilar ábyrgir. Hafa þarf samráð varðandi t.d. að svara erindum o.s.frv.
- ✓ Tekur tíma sem gæti nýst betur
- ✓ Það fylgir ákveðið flækjustig samstarfi stjórnenda vegna mismunandi þarfa skólastiganna
- ✓ Erfiðra að halda utan um stóra einingu
- ✓ Samstarf deildarstjóra og starfsfólks annarra en skólastjóra á milli deilda er lítið sem ekkert.
- ✓ Starfsmenn fara almennt ekki í afleysingu milli bygginga
- ✓ Samráðsfundir deildanna eru fáir
- ✓ Þjónustufulltrúi sem staðsettur er í eldri deild nýtist ekki yngri deild sem skyldi
- ✓ Fjármál eru sameiginleg fyrir skólann. Ekki hægt að greina kostnað á milli deilda
- ✓ Fyrirkomulag skólans er nokkuð skipt á milli deilda. Svipar til þess að um tvo sjálfstæða skóla að ræða
- ✓ Samkeppni á milli deilda

Tillögur

1. Tveir skólar

Lagt er til að Varmárskóla verði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla.

Það er mat höfundar að með því fáiast markvissari stjórnun á málefnum hvors skóla, bæði faglega og fjárhagslega. Hvað varðar rekstrargjöld eiga þau ekki að hækka við þessa breytingu. Reynsla af rekstri skóla í fjölmönnum sveitarfélögum, þar sem ekki eru reknir heilstæðir skólar, er að þeir koma almennt betur út rekstrarlega en heilstæðir skólar með álíka fjölda nemenda.

Það er mat höfundar að það fari betur á því að bæði fagleg og rekstrarleg ábyrgð sé hjá einum aðila í stað tveggja eins og nú er. Samskipti út á við ættu m.a. að verða auðveldari þar sem einn aðili ber ábyrgð á þeim í stað tveggja eins og nú er.

2. Yfirstjórn

Lagt er til að stöðugildi í yfirstjórn skólanna verði óbreytt frá því sem nú er.

Hér er lagt til að yfirstjórn í hvorum skóla verði óbreytt frá því sem nú er. Í hvorum skóla verði einn skólastjóri og þrjár deildarstjórnar, þar af einn deildarstjóri stoðdeildar. Einn deildarstjóri verði staðgengill skólastjóra. Slíkt stjórnskipulag er þekkt í öðrum skólum í Mosfellsbæ. Mikilvægt er að starfslýsing hvers deildarstjóra verði yfirfarin og hlutverk þeirra skýrð miðað við þá starfseiningu sem þeir tilheyra.

Einnig kæmi til greina að vera með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tvo deildarstjóra, annar þeirra væri deildarstjóri stoðdeildar.

3. Starfslýsingar fyrir deildarstjóra

Lagt er til að starfslýsingar deildarstjóra verði yfirfarnar.

Hér er lagt til að starfslýsingar fyrir deildarstjóra verði yfirfarnar. Í starfslýsingum verði verkaskipting deildarstjóra skýr.

4. Skólaritari - Þjónustufulltrúi

Lagt er til að 1,20 stöðugildi skólaritara/þjónustufulltrúi verði við hvorn skóla.

Hér er lagt til að við hvorn skóla verði 1,20 stöðugildi skólaritara/þjónustufulltrúa. Hér er ekki um breytingu að ræða frá því sem nú er varðandi fjölda stöðugilda.

5. Umsjónarmaður fasteigna

Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna verði í einu stöðugildi og sinni báðum skólunum.

Annar skólastjórinn verði hans næsti yfirmaður.

Hér er lagt til að eitt stöðugildi umsjónarmanns fasteigna verði áfram og starfi fyrir báða skólana eins og verið hefur, þ.e. einn umsjónarmaður sem hefur umsjón með öllu húsnæði skólans og þannig verði það áfram.

Reynsla er af því hjá mörgum sveitarfélögum að umsjónarmaður við grunnskóla sinni jafnframt húsnæði hjá fleiri stofnunum sveitarfélagsins en einungis húsnæði viðkomandi grunnskóla. Skoða mætti einnig aðkomu umsjónarmannsins að leikskólanum í Leirvogstungu.

Leggja ber áherslu á að viðkomandi hafi einn yfirmann þó hann taka við fyrirmælum frá þeim skólastjóra sem ekki er formlega hans yfirmaður varðandi málefni þess skóla.

6. Kerfisstjóri

Lagt er til að kerfisstjóri verði áfram í einu stöðugildi og sinni báðum skólunum auk leikskólans í Leirvogstungu. Annar skólastjórinn verði hans næsti yfirmaður.

Hér er lagt til að eitt stöðugildi kerfisstjóra verði áfram með sama sniði, sinni báðum skólum og leikskólanum í Leirvogstungu. Kerfisstjórar við leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ sinna fleiri en einum skóla.

7. Mötuneyti

Lagt er til að áfram verði eitt eldhús eins og verið hefur fyrir báða skólana.

Hér er lagt til að ef á að halda áfram að matreiða í eldhúsi skólans verði hafður sami háttur á og nú, þ.e. að eldhúsið verði í öðrum skólanum og þá hjá þeim skóla þar sem það er núna. Aðstaða fyrir móttökueldhús er til staðar í yngri deild. Skoðað verði hvort ekki komi til greina að nemendur fyrsta til sjötta bekkjar matist alfarið í sínum skóla. Athugað verði hvort mögulegt sé að skipta í hópa sem koma í mat á mismunandi tíma.

8. Skólalóð

Lagt er til að fyrirkomulag á skólalóð verði með sama hætti og verið hefur.

Skoða mætti svæðaskiptingu á lóðinni á milli skóla en skólalóðin yrði áfram sameiginleg.